



241 Viðbótarábyrgð Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR, ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

1. Almenn.

- 1.1 Vátrygging þessi gildir fyrir notuð ökutæki sem samþykkt hafa verið í tryggingu af TM tryggingum hf. (hlutafélag), hér eftir nefnt félagið og af viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi. Ábyrgð félagsins nær til viðgerðarkostnaðar sem rekja má til galla í framleiðslu og við samsetningu ökutækisins vegna íhluta sem taldir eru upp í 14. gr. (grein) í skilmálum þessum.

2. Gildissvið vátryggingarinnar.

- 2.1 Félagið greiðir kostnað við viðgerð vátryggðs ökutækis sbr. (samanber) gr. 6.3 af völdum þess að íhlutur bílar eða skemmist vegna galla í framleiðslu eða við upphaflega samsetningu hans. Bilunin verður að eiga sér stað á vátryggingartímanum, sem fram kemur á vátryggingarskírteini. Ef bilun verður erlendis sem fellur undir vátryggingu þessa, þá er eiganda ökutækis heimilt að láta gera við ökutækið á viðurkenndu Toyota verkstæði og fá kostnað sinn greiddan eins og viðgerð hefði farið fram á Íslandi. Félagið greiðir ekki fyrir íhluti sem voru í ólagi áður en vátrygging þessi tók gildi. Vátryggingarfjárhæð í hverju tjóni er að hámarki sú fjárhæð sem fram kemur á vátryggingarskírteini.

3. Takmarkanir á gildissviði vátryggingarinnar.

- 3.1 Ekki er greitt fyrir viðgerð á íhlut eða ef skipt er um íhlut sem er undanþeginn, sbr. gr. 3.4, eða fyrir íhluti sem ekki eru í íhlutaskránni skv. (samkvæmt) 14. gr.
- 3.2 Vátryggingin tekur ekki til ökutækja sem að jafnaði eru notuð til hvers konar kappaksturs eða íþróttakeppni, né heldur ökutækja sem breytt hefur verið til aksturs á hjólbörðum stærri en 33 tommur.
- 3.3 Vátryggingin tekur ekki til kostnaðar við leit, skoðun eða sundurtekt vegna bílana sem ekki bætast úr vátryggingunni. Kostnaður við leit að bilun sem fellur undir vátryggingu þessa greiðist að hálfu af félaginu og að hálfu af viðgerðaraðila.
- 3.4 Vátryggingin bætir ekki tjón eða kostnað sem tengist eða hlýst af eftirfarandi:
- notkun rangrar tegundar eldsneytis,
 - notkun ökutækisins í hvers konar akstursíþróttum, kappakstri eða rallakstri,
 - umferðarslysi, árekstri, áakstri, þjófnaði eða tilraun til þjófnaðar,
 - skiptum á íhlutum sem ekki hafa bilað,
 - viðgerð sem ekki stafar af bótaskyldu tjónsatviki,
 - viðgerð eða skiptum á íhlutum sem önnur ábyrgð eða vátrygging tekur til,
 - afleiddu tjóni, galla í hönnun eða galla þar sem framleiðandi hefur innkallað íhluti,
 - ytri olíulekum öðrum en þeim olíulekum sem eru sérstaklega vátryggðir, sbr. 14. gr.
 - skemmd eða hreinsun á vátryggðum íhlutum vegna frosts, vökva sem frýs, tæringar eða fastra íhluta,
 - endurtekinni viðgerð sem nauðsynleg er vegna ófullnægjandi eða ófullkominna vinnubragða eða bilaðra íhluta,
 - reglubundnum stillingum og þjónustuþáttum, þar með talin kerti, þurrkublöð, síuhlutar, perur, reimar, frostlögur, vökvar, smurning, eldsneyti eða olíur, hemlaskór, hemlaskálar, hemladiskar og hemlaklossar,
 - brunnum eða útslitnum kúplingsíhlutum og uppsöfnuðu sóti (þar með taldir brenndir eða sótaðir ventlar og hreinsun sóts),
 - aðlögunum, viðgerðum, breytingum eða umskiptingum sem eru nauðsynlegar vegna þess að stýrikerfi ökutækisins nemur ekki dagsetningarbreytingu,
 - líkamstjóni eða skemmdum á munum eða öðrum íhlutum hins vátryggða ökutækis, eða öðrum skaða sem verður beint eða óbeint vegna bilunar,
 - skemmd á hvers konar munum sem jónandi geislun eða geislavirk mengun frá hvers konar kjarnorkuelsneyti eða kjarnorkuúrgangur af brennslu hvers konar kjarnorkuelsneytis hefur valdið eða stuðlað að.



241 Viðbótarábyrgð Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR, ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

4. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 4.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta.

5. Varúðarreglur.

- 5.1 Ökutækið skal notað rétt og í samræmi við fyrirmæli og leiðbeiningar í notendahandbók frá framleiðanda ökutækisins.
- 5.2 Hinu váttryggða ökutæki skal haldið við og það fært til reglubundins þjónustueftirlits hjá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi (sjá lista á vefsíðu www.toyota.is) samkvæmt fyrirmælum í þjónustuhandbók framleiðanda og skal handbókin eða önnur sambærileg þjónustuhandbók fyllt út varðandi það eftirlit og viðhald sem framkvæmt er hverju sinni.
- 5.3 Brot gegn gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.

6. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 6.1 Þegar tjón er orðið skal váttryggður tafarlaust tilkynna það viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi, sbr. gr. 5.2.
- 6.2 Er tjón hefur orðið eða bein hættu er á að tjón beri að höndum skal váttryggður reyna að afstýra tjóni eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslu félagsins ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.
- 6.3 Váttryggður skal fela viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi að skoða og meta bilun og framkvæma viðgerð vegna bilunar eða galla sem fellur undir váttryggingu þessa.
- 6.4 Er váttryggður krefur bóta skal hann leggja fram gögn um reglubundið eftirlit og viðhald ökutækisins, sbr. gr. 5.2.
- 6.5 Vanræksla á skyldum váttryggðs skv. 1. til 4. mgr. (málgrein) getur valdið skerðingu eða missi bótaréttar samkvæmt lögum um váttryggingarsamninga.
- 6.6 Félagið leysist úr ábyrgð ef váttryggður tilkynnir ekki viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi eða félaginu um kröfu sína innan árs frá því hann vissi um atvik sem krafan er reist á.

7. Svik og rangar upplýsingar.

- 7.1 Hafi váttryggingartaki eða eigandi eða umráðamaður, sé hann annar en váttryggingataki, við gerð váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi eða félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfrémur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 7.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær tjón bætt sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

8. Endurgreiðsla iðgjalds.

- 8.1 Félagið endurgreiðir ekki hluta iðgjaldsins ef það hefur samþykkt kröfu samkvæmt váttryggingunni eða ef ökutækið er selt.
- 8.2 Ef ökutækið er afskráð vegna umferðaróhapps eða því er stolið og ekki endurheimt innan þriggja mánaða, svo fremi að félagið hafi ekki samþykkt kröfu samkvæmt váttryggingunni, mun félagið endurgreiða váttrygginguna hlutfallslega.



241 Viðbótarábyrgð Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR, ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

9. Vátryggingarfjárhæð og eigin áhætta.

- 9.1 Vátryggingarfjárhæð er tiltekin í vátryggingarskírteini. Vátryggingarfjárhæð er samtala þeirra bóta sem félagið skuldbindur sig til að greiða samkvæmt vátryggingarskírteininu, hvort sem tjónskrafa er ein eða fleiri.
- 9.2 Eigin áhætta í hverju tjóni er tiltekin í vátryggingarskírteini.

10. Upphaf vátryggingar og gildistími.

- 10.1 Vátrygging þessi tekur gildi þegar félagið samþykkir beiðni þar að lútandi og iðgjald hefur verið greitt. Jafnframt skal liggja fyrir ástandsskýrsla frá viðurkenndum þjónustuaðila Toyota á Íslandi.
- 10.2 Vátryggingin gildir til þess dags er hún rennur út samkvæmt því sem greinir í vátryggingarskírteini. Þó fellur vátryggingin sjálfkrafa niður þegar ökutækinu hefur verið ekið 160.000 km (kílómetrar), jafnvel þótt það gerist áður en vátryggingin á að renna út skv. fyrri málslíð.
- 10.3 Vátryggingin verður ekki endurnýjuð eftir að hún hefur fallið niður skv. 2. mgr.
- 10.4 Til að ganga megi úr skugga um gildi vátryggingarinnar skv. 2. mgr. skal vátryggingartaki eða eftir atvikum vátryggður sjá til þess að hraðamælir og kílómetramælir ökutækisins séu alltaf í lagi og tengdir.

11. Ákvörðun greiðslu bóta og vextir.

- 11.1 Vátryggður skal að lokinni viðgerð vera jafnsettur fjárhagslega og hann var fyrir að teknu tilliti til aldurs, notkunar og ástands ökutækis.
- 11.2 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga.

12. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 12.1 Ágreiningi varðandi vátryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í vátryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 12.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af vátryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af vátryggingunni á heimilisvarnarþingi vátryggingartaka.
- 12.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

13. Lög um vátryggingarsamninga.

- 13.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, vátryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem vátryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. (númer) 30/2004 um vátryggingarsamninga.

14. Íhlutaskrá.

- 14.1 Félagið bætir samkvæmt skilmálum þessum brot eða bilun á þeim íhlutum sem taldir eru upp í 2. til 17. mgr. hér á eftir:

14.2 Vél og túrbína.

Startkrans, svinghjól smuroliúdæla, sveifarás og sveifaráslegur, tímagír, tannhjól, keðjuhjól og tímakedja, reimskífur, knastás, undirlyfta, undirlyftutappi, undirlyftuarmur, rokkerarmar (vippuarmar), undirlyftustýring (undirlyftuhús, undirlyftuslíf), ventlar og ventlastýringar, stimplar og stimpilhringir, hedd, (heddpakkning, stimpilstangir, innri fóðringar, pakkningar og þéttir (FIPG), kveikjudrif, tímareim, tímareimastrekkjarar, ventlalok (lokalok), barkar, olíusíuhús, olíupanna, rafleiðslur, túrbína, afsláttarventill (afgasþrýstiloki) eftirkælir (intercooler).

14.3. Vélhlutahús.

Vélarblokk, gírkassahús, sjálfskiptingarhús, drifhús.

14.4 Kúpling.

Kúplingsgaffall og liðir, kúplingsdæla efri og neðri, barkar og armar.



241 Viðbótarábyrgð Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR, ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

14.5 Gírkassi.

Tannhjól, valliðir, rafstýrður gangráður, bremsubönd, gírbremsur, tengimúffa, öxlar, legur og fóðringar, túrbína, kúplingar í sjálfskiptingum, pakkningar og þéttar, (FIPG), sjálfskiptihús og gírkassahús, ventlaboddy, olíudæla, tengiliðir, stjórnölva, olúkælir, skiptistöng, barkar.

14.6. Drif.

Kambur og pinjón, öxlar, mismunadrifshjól, legur, fóðringar, nöf.

14.7. Millikassi.

Mismunadrif í millikassa, tannhjól, öxlar, legur og fóðringar, skiptibúnaður (stangir, öxlar og gafflar),

14.8. Hjóllegur.

Legur, nöf, stilliplötur, legurær, lásrær.

14.9. Driflína og fjöðrunarkerfi.

Öxlar, (fyrir sjálfstæða fjöðrun) drifsköft, hjöruliðir, legur, fóðringar, öxlar, öxulliðir, öxulhosur, tengiliðir, pakkningar og þéttar (FIPG), fjaðrir, (gormar og blöð), snerilfjöðrun, jafnvægisstangir, klafar, spindilkúlur, millibilsstangir, togstangir, hjólóxull með sjálfstæða fjöðrun án drifóxuls, þverbitar í grind, mótorbitar og hjólabitar, vökva fjöðrun, millistöng, spyrnur og stangir.

14.10 Bremsukerfi.

Bremsurör, forðabúr fyrir bremsuvökva, ABS íhlutir, ABS hjólhraðaskynjarar, þrýstikútar, hemlahjálparkútar, bremsudælur, bremsudælustimplar, ABS deilir, höfuðdæla, bremsudiskar, bremsuskálar, magnlokar, hlutfallslokar, tengihlutir, liðir og barkar.

14.11 Kælikerfi.

Kælivatnsdæla, vatnskassi, vatnslás og vatnsláshús, kæliviftukúpling, loftræstisamstæða, hita- og kælieliment, blásari og stýrieiningar, miðstöðvarstjórnlokar fyrir vatn, stjórnborð fyrir loftræstingu (miðstöðvarstýring), vélarolíukælir, vatnskassalok, kælivifta.

14.12 AC kerfi.

AC dæla (fyrir loftræstingu), þéttir (í kælikerfi loftræstingu), safnari og þurrkari, eimir, miðstöðvarstjórnlokar (loft).

14.13 Stýrisbúnaður.

Tannstangarstýrisvél, sektorsarmsstýrisvél, stýrisdæla, þéttingar, legur, stýrisarmar, stýrisliðir, stýristúpa, forðabúr fyrir stýrisvökva, stýrisupphengja.

14.14 Eldsneytiskerfi bensín.

Eldsneytsdæla, tankmótstaða, eldsneytismælir, eldsneytisinnspautunarkerfi, (nemar og liðar), spíssar, loftflæðimælir, vélarstjórnölva.

14.15 Eldsneytiskerfi dísil.

Fæðidæla, innsprautunardæla, spíssar, eldsneytistankar, glóðarkerti, vakumdælur.

14.16 Rafkerfi/rafeindarásir.

Startari, rafall (alternator), spennustillir, háspennukefli, kveikja, þurrkumótor, rúðusprautumótorar, stefnuljósastýribúnaður, miðstöðvarmótor, flauta, rofar, tölvustýrð kveikja, spennujafnari, rafliðar (relay), hitaeliment í framrúðum og afturrúðum, stjórnölvur, rúðuupphalarabúnaður og mótorar, stjórnrofar fyrir rúðuupphalara, færslumótorar fyrir sóllúgu, færslumótorar fyrir baksýnispegla, lykilkóðasendar (útvarpsbylgjusendar fyrir fjarlæsingar), læsingamótorar og segulspólur, höggskynjari, fjarlæsingarstjórnölva, tímaliði fyrir innljós, mælar, klukkur, hraðamælir og hraðamælendasir (hraðamæladrif), snúningshraðamælir, rafleiðslur, innbyggðar stjórnrásir, ABS stjórnölva, færslumótorar í sætum, sigarettukveikjari, nemar(skynjarar), sætishaeliment, þjófavarnarkerfi (verksmiðju ísett eingöngu), færslumótorar í aðalljósum, háspennuþræðir, rúðu- og ljósasprautur (framrúðu og aðalljósa þvottur).

14.17 Ýmislegt.

Þurrkubrakket (tengiarmar milli þurrkuarma og þurrkumótors), sóllúga, (verksmiðju ísett eingöngu), sætisfærslur, hurðalæsingar (skrár), húddbarki, húdd- og hlerapumpur, mótor- og gírkassapúðar.

Skráning í tjonagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til vátryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjonagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild



241 Viðbótarábyrgð Toyota

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR, ALMENNAR UPPLÝSINGAR.

Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við vátryggingarsvikum og ofgreiðslu vátryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónpola, tjónsnúmer, tegund vátryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins vátryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónpóli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.